



GILJASKÓLI

Námsvísir 2009 - 2010

3. bekkur

Umsjónarkennarar: Anna Kristín Arnarsdóttir og Valgerður Daníelsdóttir

Stuðningsfulltrúar: Guðný Tryggvadóttir, Íris Tryggvadóttir og Margrét Baldvinsdóttir

Sérkennsla: Indiana Stefánsdóttir

Íþróttir: Þuríður Helga Þorsteinsdóttir og Matthea Sigurðardóttir

Sund: Einvarður Jóhannesson og Matthea Sigurðardóttir

Hönnun og smíði: Ingvar Engilbertsson

Handmennt: Umsjónarkennarar

Myndmennt: Umsjónarkennarar

Heimilisfræði: Umsjónarkennarar

Tónmennt: Ásta Magnúsdóttir

Tölvufræði: Umsjónarkennarar

Upplýsingamennt: Ingunn Vigdís Sigmarsdóttir

Skapandi starf, þemanám og samætting námsgreina	2
Námsmat	2
Foreldrasamstarf	3
Heimanám	3
Íslenska	4
Lestur og ritun	4
Talað mál og framsögn	5
Hlustun og áhorf	6
Stærðfræði	8
Samfélagsfræði	10
Landafræði	11
Náttúrufræði	13
Kristin fræði	14
Enska	15
Lífsleikni	16
Upplýsinga og tæknimennt	16
Hönnun og smíði	17
Heimilisfræði	18
Tónmennt	19
Myndmennt	19
Íþróttir	20
Sund	22

Skapandi starf, þemanám og samætting námsgreina

Ríkjandi kennsluhættir eru samvinna, samþætting og skapandi starf. Notaðar eru fjölbreyttar aðferðir og nálganir við kennsluna til að auka á fjölbreytileika hennar og ná til ólíkra nemenda með ólíkar þarfir. Markmiðið er að hafa kennsluna áhugavekjandi, fræðandi og skemmtilega. Námsgreinar eru samþættaðar eins og frekast er unnt, sem þýðir að námsgreinum er blandað saman svo stundum er verið að vinna að mörgum markmiðum í ólíkum námsgreinum í einu. Í *Aðalnámskrá grunnskóla*, eru að finna námsmarkmið fyrir hverja grein. Oft er vikunum skipt í ákveðin þemu, sem stundum tengjast áhugasviðum nemendanna. Könnunaraðferð er fylgt en hún miðast við að byggja ofan á þá þekkingu sem fyrir er hjá nemendum. Þannig er ávallt byrjað að komast að því hvað nemendur vita um viðfangsefnið áður en haldið er áfram. Það er misjafnt hvað hvert þematímabil tekur langan tíma. Það getur varað allt frá einni og upp í þrjár vikur. Á milli þema eru oftast nær ein þemalaus vika.

Lestur og ritun ásamt öðrum námsgreinum er fléttað inn í þemavinnuna. Reynt er að hlutbinda vinnuna og styðjast við fleiri og fjölbreyttari námsgögn en blöð og bækur.

Nemendur fá að koma með hluti að heiman tengda hverju þema fyrir sig. Dót eða bækur, myndbönd eða annað sem gæti hugsanlega tengst efninu. Þetta tengir heimilin við þemun og færir þau nær viðfangsefninu. Hlutina að heiman nota börnin bæði við leik og störf. Það fær sérstakan stað í skólastofunni og nemendur læra hvenær þeir mega leika sér með það eða nota og hvenær ekki. Hlutina má nota sem kveikju í ritun og leikur með þá styrkir nemendur félagslega. Töluvert er af föndri í tengslum við hvert þema þar sem mikið er lagt upp úr sköpunarþörf og gleði nemenda. Mikið er um samvinnu og hópavinnu. Markmiðið er að nemendur fái aukna þjálfun í að vinna saman, skipuleggja sig og komast að sameiginlegum niðurstöðum.

Námsmat

Hugtakið námsmat felur í sér allar þær aðferðir sem notaðar eru til að safna upplýsingum um nám og framfarir nemenda. Það er einnig notað þegar ákveða á áframhaldandi framgang þeirra í námi. Skilgreining *Aðalnámskrár grunnskóla* á námsmati styður einstaklingsmiðaða kennsluhætti en þar segir að námsmat miði að því að afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur þess er því sá að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram. Námsmat þarf að vera fjölbreytt svo hægt sé að koma til móts við alla nemendur á sama hátt og einstaklingsmiðaðir kennsluhættir gera ráð fyrir mismunandi nálgun á viðfangsefninu, segja má að námsmat sé undirstaða aðgreiningar í kennslu og hugsa þarf um það sem leiðarvísi í gegnum allt nám. Kennarar sem vilja tileinka sér aðgreiningu eða einstaklingsmiðaða kennsluhætti þurfa að nota hvert tækifæri til þess að kynna nemendum sínum betur til þess að geta komið til móts við þarfir þeirra. Námsmat og endurgjöf er mjög stór þáttur í námi og sjálfsmynd nemenda og því verður að vanda vel framkvæmd þess.

Námsmat sem hjálpar við nám felur m.a. í sér hvatningu frá kennara og uppbyggingu sjálfstrausts en einnig að finna leiðir til úrbóta þegar vandamál steðja að í náminu. Námsmat fer fram jafnt og þétt á námstímanum og er ætlað að vera kennurum, nemendum og forráðamönnum leiðbeining í frekari skipulagningu náms.



Kennari metur og skráir hjá sér framvindu náms hvers og eins nemanda og kemur upplýsingum oft jafnóðum munnlega til nemenda. Fjölbreytilegar námsmatsaðferðir eru notaðar til að gefa betri mynd af stöðu hvers nemenda. Á meðal þeirra aðferða sem notaðar eru má nefna ferilmöppu, gátlista, kannanir, nemendaviðtöl, sjálfsmat, símat o.s.frv.

Grundvallarþættir við námsmat eru námsárangur, leikni, framfarir, virkni í kennslustundum, hegðun, vinnubrögð og samskipti.

Gullmolasafnið er ferilmappa annars bekkjar og gefur til kynna hvernig nemenda hefur gengið við námið á námstímabilinu. Safnið inniheldur m.a. verk sem nemendur eru stoltir af. Það inniheldur einnig verkefni sem kennarar bæta við sem sýna nám og framfarir ásamt því að sýna dæmi um vel unna heimavinnu. Til greina kemur að foreldrar velji sýnishorn af verkefnum unnum heima sem þeir eru ánægðir með og telja að lýsi barni sínu og vinnubrögðum þess. Tilgangur *Gullmolasafnsins* er að gefa mynd af því hvað nemandi getur, hvernig hann vinnur og fær hann til að taka ábyrgð á námi sínu þegar valin eru bestu verk til að fara í möppuna. Valið gerir nemendur virkari í sjálfsmati. Tilgangur safnsins er ekki hvað síst að upplýsa foreldra um nám og framfarir barns síns.

Sérstakur sýnisdagur er haldinn fyrir foreldra þar sem námsmatið er afhent og barn og foreldrar geta skoðað *Gullmolasafnið* og ræða innihald þess. Á sama degi sýna börnin einnig afrakstur vetrarins. Nemendur útbúa borð og setja á það unnin verkefni og bækur sem þeir sýna svo foreldrum sínum. Öll gögnin fara svo heim í lok þessa dags.

Hér er talað um alhliða námsmat þar sem ekki er verið að mæla alla á sömu stikunni, heldur er hver einstaklingur að keppa að eigin markmiðum þó innan þess ramma sem yfirvöld menntamála boða í hvert skipti.

Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að halda áfram að byggja upp góð tengsl milli heimili barns og skóla. Nauðsynlegt er að foreldrar fylgist með námi barna sinna og að samskipti þeirra og kennara séu byggð á gagnkvæmu trausti og heiðarleika.

Foreldrar koma í viðtöl til umsjónarkennara í skóla. Sérstakur morgunfundur er haldinn með foreldrum þar sem námsefni vetrarins er kynnt, kennsluhættir kynntir og farið yfir áherslur vetrarins. Umsjónarkennarar senda vikulega heim fréttabréf þar sem sagt er frá í stuttu máli hvernig skólastarfið hefur gengið og greint frá helstu viðfangsefnum liðinnar viku. Í fréttabréfið eru settar allar tilkynningar frá kennurum. Foreldrar eru hvattir til samskipta við kennara með margvíslegum hætti. Foreldrum er boðið að koma að lágmarki tvisvar í viðtöl í skóla, eitt að hausti og annað á vorönn. Þeir geta einnig farið fram á viðtöl við kennara hvenær sem er skólaársins. Kennarar senda foreldrum tölvupóst gegnum Mentor og fréttabréfið fer einnig þangað. Boðið er upp á síðdegisspjall um ólík viðfangsefni með kennurum þar sem foreldrum gefst tækifæri til að spjalla um skólastarfið bæði við aðra foreldra og við kennara.

Heimanám

Heimavinna kynnir og þjálfar námsþætti sem unnið er með í skóla og foreldrar sjá hvernig barninu fleygir fram. Tilgangur heimanámsins er að foreldrar taki þátt í námi barna sinna og örvi áhuga þeirra. Þeir eru hvattir til að skapa næði heima fyrir, hrósa og vera jákvæðir og hvetjandi.



Heimanám fer heim í teygjumöppu á mánudegi og því skilað á mánudegi viku síðar. Það einkennist af fjölbreyttum verkefnum sem gjarnan tengjast þema hverju sinni. Heimaverkefni eru mismunandi allt eftir stöðu nemenda. Rík áhersla er lögð á lestrarþjálfun alla daga. Kennarar leggja áherslu á að heimavinnu sé skilað á réttum tíma og að henni sé sinnt af alúð og kostgæfni. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara ef þeir telja heimavinnu of léttu eða of þunga eða taki barn óeðlilega langan tíma.

Íslenska

Lestur og ritun

Markmið í lestri

Að nemandi

- vinni fjölbreytt verkefni sem stuðla að auknum orðaforða og málskilningi
- örvist í að lesa með því að vinna með eigin frásagnir og annarra
- hafi greiðan aðgang að fræðibókum, handbókum og skáldverkum fyrir börn, bæði í kennslustofu og á skólasafni
- fái tækifæri til verkefnavinnu á skólasafni
- fái tækifæri til að lesa ýmsar tegundir texta við hæfi
- þjálfist í að velja sér bækur af skólasafni til að lesa sér til ánægju, upphátt eða í hljóði
- auki lestrarhraða sinn og efli lesskilning með fjölbreyttum verkefnum
- fái tækifæri til að lesa fyrirmæli og fara eftir þeim
- þjálfist í upplestri, bæði undirbúinn og óundirbúinn
- fái tækifæri til að gera munnlega og skriflega grein fyrir efni sem hann hefur lesið
- sé hvattur til að lesa sem mest
- lesi nokkrar bækur ætlaðar börnum á þessum aldri.

Markmið í ritun

Að nemandi

- nái tókum á að draga rétt til stafs
- temji sér að nota þá skriftargerð sem honum hefur verið kennd
- þjálfist í að stafsetja rétt með margvíslegum verkefnum
- æfist í að semja sögur og ljóð og skrifi sjálfur
- þjálfist í að lýsa hlutum og athöfnum í nánasta umhverfi í rituðu máli
- skrái frásagnir um atburði úr eigin lífi
- fái tækifæri til að skrifa sendibréf og póstkort
- skrái framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann hefur unnið í öðrum námsgreinum, t.d. í náttúrufræði og samfélagsgreinum
- þjálfist í því að gera útdrætti og skrá efni munnlegra og/eða skriflegra frásagna
- þjálfist í að skrifa einfaldan texta eftir upplestri
- læri að fara eftir nokkrum stafsetningarreglum, t.d. að hafa bil á milli orða, hafa upphafsstafi á eftir punkti og enga upphafsstafi inni í orðum
- leggi sig fram um að skrifa vel og vanda allan frágang
- auki skriftarhraða sinn með ýmsum verkefnum.

Námsgögn og leiðir



Þar sem lestur er kenndur gegnum ritun fara þessir tveir þættir læsis saman hér. Aðrir þættir eða hlustun og tal tengjast þessum þáttum einnig en markmið þeirra fara hér að neðan. Unnið að því að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til lestrar hver svo sem staða þeirra er. Nemendur fá námsefni tengt þroska þeirra og getu, hvort sem það er útgefið, prentað af veraldarvef eða heimatilbúið. Reiknað er með fjölbreyttri þjálfun heima og í skóla. Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða tveir eða fleiri saman. Frjáls lestur verður í upphafi hvers dags þegar stundatafla leyfir og bókasafn nýtt vel.

Lögð er áhersla á ritun í mismunandi tilgangi og eru nemendur hvattir til að lesa upp ritunarverkefni sín. Reiknað er með fjölbreyttri þjálfun heima og í skóla. Nemendur eru þjálfaðir í stafagerð. Unnið verður með þrep í þróun ritunar í huga. Mikil áhersla er lögð á skapandi vinnu og þar af leiðandi ýmsa bókagerð nemenda. Tilbúnar bækur og ljósrít því í minna mæli. Nemendur kynnast vinnu með rétritunarorðabók og þeir hvattir til að nýta sér hana hafi þeir áhuga og séu komnir á það stig að stafsetja rétt. Nemendur verða m.a. þjálfaðir í að skrifa eftir upplestri eða sóknarskrift. Byrjað verður að kenna þeim nemendum sem geta að tengja í skrift. Nemendur fá tækifæri til að vinna með fræðitexta m.a. til þess að afla sér heimilda og nýta þær í skrifum sínum. Nemendur verða hvattir til að gera ávallt sitt besta hvað frágang og stafagerð varðar. Námsefni sem liggur til grundvallar er m.a. Sögugerðarbækur, Heimaskrift, Ritrúnar – bækurnar (við getu hvers og eins) og ýmis önnur kennslugögn.

Námsmat í ritun

Áhersla er lögð á mat einstaklings, þar sem framfarir eru miðaðar út frá fyrri þekkingu. Þrep í þróun ritunar höfð til viðmiðunar. Matið á að vera leiðbeinandi og virka sem hvatning.

Með námsmati í skrift verður m.a. kannað hvort nemendur dragi rétt til stafs, tengi rétt, hafi bil á milli orða og staðsetji rétt á línu. Námsefni vetrarins haft til viðmiðunar. Hæfni nemenda til að stafsetja verður metin. M.a. verður horft á þá þætti sem taldir eru upp í markmiðum hér að ofan. Horft verður í frágang nemenda.

Námsmat í lestri

Áhersla er lögð á mat einstaklings, þar sem framfarir eru stöðugt metnar s.s. framburður og lestrarlag og miðaðar út frá fyrri þekkingu. Hraða- og lesskilningspróf verða lögð fyrir nokkrum sinnum yfir veturinn þar sem niðurstöður eru notaðar til frekari skipulags. Þrep í þróun ritunar höfð til viðmiðunar. Unnið verður að því að matið verði leiðbeinandi og hvetjandi. Umsögn gefin í lestri. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Talað mál og framsögn

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- öðlist færni í að tjá sig munnlega í leikjum
- vinni verkefni sem gera kröfur um að hann tjái sig munnlega
- segi frá eigin reynslu
- ræði við bekkjarfélaga sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reyni að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- kynni vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum



- segi frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og geti rökstutt hana
- endursegi og/eða lesi sögur og ljóð upphátt
- þjálfist í að flytja stuttar undirbúnar frásagnir
- geti sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið
- fái tækifæri til að flytja texta frammi fyrir hópi, t.d. ljóð eða leiktexta
- átti sig á þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- sé hvattur til að flytja mál sitt skýrt og áheyrilega
- fái tækifæri til að syngja algenga íslenska söngva og taki þátt í fjöldsöng, m.a. söngva sem tengjast árstíðunum og hátíðum.

Námsgögn og leiðir

Nemendur taka þátt í samverustundum þar sem þeir segja frá eigin reynslu, lesa eigin ritsmíðar, hlusta á frásagnir annarra, lýsa hlutum. Þeir eru örvaðir til að taka þátt í umræðum um atburði líðandi stundar. Lagt er upp úr því að nemendur tali skýrt og rétt mál og hugað að málfari þeirra. Unnið er með sögur og ljóð til að örva ímyndunarafl og frásagnargleði nemenda. Stuðlað er að auknum orðaforða og málþroska nemenda. M.a. verða nýttar ýmsar bækur, dagblöð, ljósrit, ræðupúlt almennar umræður of frásagnir frá nem. upplestur o.s.frv. Nemendur verða látnir vinna að því að komast að sameiginlegri niðurstöðu komi upp vandamál eða að útkljá deilumál komi þau upp. Nemendur læra að bera virðingu fyrir hverjum öðrum með því að hlusta á frásagnir annarra og vera jákvæðir í gagnrýni sinni, þegar þeir tjá sig þannig að allir hafi kjark til þess. Nemendur halda kynningar á hópverkefnum í samfélagsfræði og náttúrfraeði.

Námsmat

Áhersla er lögð á mat einstaklings, þar sem framfarir eru stöðugt metnar og miðaðar út frá fyrri þekkingu. Matið á að vera leiðbeinandi og virka sem hvatning. Nemendur fá munnlegt mat frá kennara og umsögn þegar við á. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Hlustun og áhorf

Markmið

Að nemandi

- hlusti á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og flutt eru á hljóð- eða myndböndum
- svari spurningum varðandi efni sem hann hefur hlustað á
- hlusti á umræður bekkjarfélaga sinna og haldi athygli í töluverðan tíma
- fari í leiki þar sem þess er krafist að hlustað sé á og farið eftir munnlegum fyrirmælum
- hlusti á fyrirmæli kennara og fari eftir þeim
- horfi á leikþætti og söngatriði ýmist á sviði eða af myndbandi
- endursegi efni sem hann hefur hlustað eða horft á
- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og leiktextum eftir íslenska og erlenda höfunda
- þjálfist í að hlusta á upplestur ljóða með sterkri hrynjandi, bæði hefðbundinna og óhefðbundinna ljóða.

Námsgögn og leiðir



Kennari les fjölbreytt efni fyrir nemendur í nestistímum. Úrval bóka og lesefnis verður fjölbreytt, sem og hlustunarefni og myndbönd. Nemendur hvattir og þjálfaðir í að hlusta og sýna tillitssemi þegar kennari eða annar talar við þá eða er að segja frá. Nemendur verða þjálfaðir í að hlusta á fyrirmæli, nema þau og fara eftir þeim. Nemendur hlusta á upplestur á diskum þar sem ljóð og sögur eru lesnar.

Námsmat

Áhersla er lögð á mat einstaklings, þar sem framfarir eru stöðugt metnar og miðaðar út frá fyrri þekkingu. Matið á að vera leiðbeinandi og virka sem hvatning. Nemendur fá munnlegt mat frá kennara og umsögn ef við á. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Bókmenntir

Markmið

Að nemandi

- læri nokkrar þekktar vísur og ljóð til söngs og annars munnlegs flutnings
- taki þátt í leikrænni tjáningu á bókmenntatexta
- fái tækifæri til að lesa eða kynnst á annan hátt sögum, þjóðsögum, ævintýrum, dæmisögum og skopsögum
- kynnist markvisst skólasafni og fái aðstoð við að velja bækur á safninu
- þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni
- kynnist verkum valinna íslenskra rithöfunda
- þjálfist í að ræða um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á
- fái tækifæri til að lesa sér til fróðleiks og skemmtunar miðað við lestrargetu og áhuga
- geri sér grein fyrir hugtökum eins og söguþráður og sögulok.

Námsgögn og leiðir

Hljóðsnældur, þjóðsögur og ævintýri, sögur, ljóð, vísur og þulur. Fjölbreyttir textar lesnir af og fyrir nemendur. Innihald þeirra rætt og/eða túlkað t.d. myndrænt. Nemendur lesa og semja ljóð og sögur og vinna með eigin texta og annarra á ýmsan hátt. Þeir endursegja, botna og/eða túlka myndrænt. Nemendur vinna einir eða í hópum. Þeir eru hvattir til að lesa sér til ánægju og fróðleiks.

Námsmat

Áhersla er lögð á mat einstaklings, þar sem framfarir eru miðaðar út frá fyrri þekkingu. Matið á að vera leiðbeinandi og virka sem hvatning. Áhugi nemenda, eftirtekt þeirra og hæfni til að endursegja, vinna saman og ganga frá verkefnum metin jafnóðum. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Málfræði

Markmið

Að nemandi

- þekki hugtökin bókstafur, orð og setning
- þjálfist í að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn
- átti sig á mun sérhljóða og samhljóða
- geri sér nokkra grein fyrir orðflokkunum nafnorð, sagnorð og lýsingarorð
- átti sig á því hvernig orð geta verið samsett úr tveimur eða fleiri orðum



- fái fjölbreytt tækifæri til að nota tungumálið
- átti sig fallbeygingu nafnorða
- kannist við hvaða orðmynd er uppflettimynd nafnorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka
- fái tækifæri til að leika sér með tungumálið á fjölbreyttan hátt, t.d. með rími og orðaleikjum.

Námsgögn og leiðir

Málrækt, Ritrún, fjölrítuð verkefni og munnlegar æfingar. Áhersla er lögð á vinnu út frá ýmsum textum og á sem fjölbreytilegastan hátt. Mið tekið af þroska hvers og eins í kennslu einstakra þátta. Allir ofantaldir þættir í markmiðum verða skoðaðir og kenndir sem ein heild. Samþætting verður mikil.

Námsmat

Áhersla er lögð á mat einstaklings, þar sem framfarir eru miðaðar út frá fyrri þekkingu. Matið á að vera leiðbeinandi og virka sem hvatning. Einstakir þættir verða skoðaðir, prófaðir og metnir. Hér verður einnig tekið til frágangs.

Stærðfræði

Markmið

Að nemandi

- skrái upplýsingar þar sem háar tölur og brot koma fyrir
- lesi texta um stærðfræðileg viðfangsefni og greini um hvað hann fjallar
- þjálfist í að skrá svör sín við dæmum með því að nota talnatákn og aðgerðarmerki
- noti stærðfræðileg hugtök til að lýsa hlutum eða fyrirbrigðum, t.d. leikföngum, hlutum úr umhverfinu eða rökkubbum
- semji sögur um stærðfræðileg verkefni og sýni hvernig þau geta verið sprottin úr ólíku samhengi
- útskýri fyrir kennara og bekkjarfélögum hvernig hann leysir verkefni með aðstoð hluta, myndrænna og/eða tölulegra skýringa
- vinni með öðrum að lausn þrauta, ræði um og prófi mismunandi lausnarleiðir og skýri lausnarferli sitt fyrir öðrum
- kynnist aðferðum til að takast á við flókin verkefni, s.s. að setja á svið eða teikna mynd, reyna einfaldara verkefni, giska á lausn og leita að mynstri
- temji sér að prófa lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- leysi þrautir sem tengjast daglegu lífi
- búi til eigin þrautir með verkefnum sem tengjast skólastarfinu eða viðfangsefnum daglegs lífs
- meti hvort fullyrðingar, sem settar eru fram, eru sannar
- temji sér að nota þekktar staðreyndir til að álykta út frá
- spili með rökkubbum þar sem nota þarf mismunandi eiginleika kubbanna til að komast áfram
- búi til og vinni með einföld reiknirit
- meti sanngildi setninga
- búi til margföldunartöflu með því að leggja
- búi til talnarunur þar sem fylgja þarf ákveðinni reiknireglu



- skoði form í nánasta umhverfi sínu
- áætli hvað vörur kosta, reikni út, borgi og meti hvort rétt er gefið til baka
- vinni með tímareikninga og tímaáætlanir
- þjálfist í að lesa á tölvuklukku og klukku með skífu og beri saman þær upplýsingar sem þær gefa
- leggi mat á hvaða mælieiningar eru heppilegar til að mæla tiltekna hluti, mæli, skrái og meti hvort niðurstöður mælinga eru réttar
- noti áþreifanlega hluti til að sýna háar tölur
- safni háum tölum, t.d. úr dagblöðum, og ræði um stærð þeirra og notkun í daglegu lífi
- skoði neikvæðar tölur í eðlilegu samhengi, t.d. skoði á talnalínu og vasareikni hvað gerist þegar talið er niður
- beri saman fjölda kubba í lengjum, plötum og teningum og þjálfist í skráningu talna
- vinni með sætisgildiskubba til að efla skilning á tugakerfinu
- þjálfist í að nota mismunandi hjálpargögn við lausnir verkefna, s.s. kubba, talnagrindur, skýringarmyndir, vasareikna, talnatákn og aðgerðarmerki
- skoði talnamynstur í margföldunartöflum og beri saman mynstur í mismunandi töflum
- kynnist mismunandi reikniaðferðum sem nota má við útreikninga með tveggja og þriggja stafa tölum
- noti talnalínu til að skoða andhverfar aðgerðir; hvað gerist ef tala er fyrst lögð við og síðan dregin aftur frá?
- þjálfist í að finna ólíkar leiðir við lausn verkefna og bera saman mismunandi leiðir að sömu lausn
- þjálfist í að áætla svör við dæmum og nota svo reiknivél eða önnur hjálpargögn til að reikna dæmið og bera saman við áætlun sína
- þjálfist í að nota þekkingu á tugakerfinu við hugarreikning
- þjálfist í að námunda tölur að næsta heila tug
- leggi mat á hvort er meira, helmingur eða þriðjungur, helmingur eða fjórðungur
- skipti safni áþreifanlegra hluta í gefnum hlutföllum, t.d. 1:2
- stækki flatarmyndir, t.d. á pinnabretti
- skoði regluleika í mynstri og búi til mynstur útfært á ólíka vegu, t.d. raði hlutum, teikni, saumi út o.s.frv.
- tákni gefið mynstur, t.d. einfalt dansspor, með mismunandi gögnum, s.s. kubbum, litum, orðum eða teikningum
- skoði hvernig mynstur er hægt að mynda með mismunandi fjölda eininga, t.d. þríhyrningstölur og ferningstölur
- búi til talnamynstur á vasareikni, t.d. fái fram runu með því að setja inn fasta í samlagningu, merki talnarunurnar inn í talnatöflu og beri svo saman mismunandi talnarunur sem myndast með því að nota ólíkar tölur, t.d. 2, 3 og 6 sem fasta
- skýri fjölskyldutengsl, t.d. með því að teikna ættartré
- búi til þrívíða hluti, ræði um heiti hlutanna, horn, brúnir og hliðarfleti og eiginleika þeirra, t.d. holur, gegnheill, sívalur, kúlulaga, kúptur, íhvolfur
- mæli lengd hluta með kubbum (sentikubbum/sætisgildiskubbum) og beri saman við mælingar með reglustiku eða málbandi (cm, dm, m)
- vinni með höfuðáttirnar á landakorti, beri saman við staðhætti og ákveði höfuðáttirnar í umhverfinu
- telji út hnit heilla talna á lárétta og lóðrétta talnalínu og teikni hluti inn í hnitakerfið, t.d. í sjóorustuleik



- vinni með samhverfur, t.d. með því að skoða samhverfur í kviksjá með marglitum flísum
- geri rannsóknir á umhverfi sínu, telji, flokki, skrái og lesi úr niðurstöðum og setji upp í myndrit
- geri rannsóknir á líkum, t.d. með því að draga kúlur upp úr poka með mislitum kúlum, skrá hvaða litur kemur upp og reyna að spá fyrir um hvað gerist næst.

Námsgögn og leiðir

Eining 5 og 6, Línan 4 og 5, Við stefnum á margföldun, og deilingu. Verkefni fyrir vasareikni 2. og 3. hefti, Viltu reyna og annað sem til fellur. Einnig verða notuð ýmis gögn til að hlutbinda kennsluna eins og Numiconkubbar, kubbar, pinnabretti, talnagrindur, spil og fleira. Námsþættir í námsbókum verða tengdir daglegu lífi og unnið með þá á hlutlægan hátt þegar það er hægt. Nýir efnisþættir kenndir hópnum eða einstaklingum þegar við á. Nemendur þjálfast í reikniaðgerðum og munu verkefni miðast við persónulega færni. Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og þeir hvattir til að skrá ýmsar niðurstöður sínar á skráningarblað sem þeir sjálfir útbúa.

Námsmat

Kannanir/matshefti með reglulegu millibili og stöðupróf í lok anna. Áhersla er lögð á mat einstaklings, þar sem framfarir eru miðaðar út frá fyrri þekkingu. Matið á að vera leiðbeinandi og virka sem hvatning.

Samfélagsfræði

Markmið

Að nemandi

- fái innsýn í fjölskyldulíf fyrir 1-2 mannsöldrum, t.d. með viðtölum við eldra fólk í eigin fjölskyldu, gömlum ljósmyndum, kvikmyndum og/eða öðrum heimildum
- geri sér ljóst að sérhvert mannlegt samfélag setur sér lög og reglur, að til eru landslög og alþjóðareglur
- kynnist því að börn búa við ólíkar efnahagslegar og félagslegar aðstæður í heiminum
- þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem á að tryggja öllum börnum ákveðin sameiginleg réttindi
- þekki til sögu skólahússins og nokkurra atriða í skólasögu heimabyggðar, t.d. hvernig skólahaldi var háttað í bænum, sveitinni eða hverfinu áður en skólinn var byggður og hvenær fyrsti skólinn var stofnaður
- kynnist og læri sögur tengdar örnefnum eða sögustöðum í heimabyggð
- skilji hlutverk þjóðsöngsins og þjóðhátíðardagsins í stórum dráttum
- kynnist áföngum á leið Íslands til sjálfstæðis
- þekki mikilvægar stjórnarsýslustofnanir eins og Alþingi, forsetaembættið, stjórnarráð og hæstarétt
- fræðist um hlutverk og gildi þingvalla í sögu og samtíð
- verði kunnugur nokkrum persónum í Íslandssögunni, t.d. Ingólfi Arnarsyni, Auði djúpúðgu, Snorra Sturlusyni og Jóni Sigurðssyni
- átti sig á tengslum framleiðslu og þjónustu með því að kynnast framleiðsluferli vöru frá framleiðanda til neytanda, t.d. mjólkur



- kynnist atvinnuvegum sem standa á gömlum grunni og kanni hvernig fjölbreytni í atvinnulífi hefur aukist á þessari öld
- kynnist mismunandi störfum fólks, t.d. með kynningu á störfum foreldra í bekknum
- átti sig í stórum dráttum á verðmætasköpun í þjóðfélaginu, inn- og útflutningi og hlutverki gjaldmiðils og peningastofnana
- verði fróðari um vesturferðirnar fyrir og um 1900 og búsetu Íslendinga erlendis nú
- geti sagt frá frægum landkönnuðum eins og Eiríki rauða, Leifi Eiríkssyni og Kólumbusi
- geti raðað þekktum fyrirbærum í tímaröð, t.d. jörðin verður til, risaeðlur búa á jörðinni, fyrstu mennirnir setjast að á Íslandi, amma fæddist, ég fæddist o.s.frv.
- læri að teikna tímaás og raða nokkrum þáttum á hann, t.d. áföngum í eigin lífi
- fái þjálfun í að flokka fyrirbæri, bera saman, tengja, leita orsaka og greina afleiðingar, t.d. eftir vettvangsathugun
- reyni kosti samvinnu, að margir afli upplýsinga og að mismunandi hæfileikar innan hópsins nýtist við að miðla upplýsingum (einn er góður að semja, annar að skrifa, teikna o.s.frv.)
- læri að greina á milli eigin reynslu og reynslu annarra, t.d. með því að bera saman frásögn sína og annars bekkjarfélaga af atburði eða upplifun
- fái að kynnast sögunni í gegnum viðtöl við eldra fólk eða með því að hlýða á frásagnir þess um liðna atburði
- fái að kynnast sögunni í gegnum ljósmyndir, kvikmyndir og með heimsókn á listasafn og/eða minjasafn
- geti sagt dæmi af mismunandi siðum og venjum í heiminum, t.d. í borðhaldi og hátíðahaldi, og öðlist virðingu fyrir menningu annarra þjóða
- fái að tjá sig um frásagnir eða fréttir í blöðum, útvarpi eða sjónvarpi
- þjálfist í að flytja mál sitt í heyranda hljóði og svara fyrirspurnum um efnið
- læri að hlusta á aðra og bera fram spurningar um efnið.

Námsgögn og leiðir

Námsbækur úr bókaflokknum *Komdu og skoðaðu...* Unnið verður út frá reynslu nemenda, þekkingu og nánasta umhverfi þeirra. Námsefni lesið, um það fjallað og unnið á fjölbreyttan hátt út frá innihaldinu s.s. með umræðum, innlögnum, fræðslumyndum, hugstormun, hópverkefnum, heimildavinnu, samvinnunámi, viðtölum og ritun.

Námsmat

Er byggt mikið til á símati kennarans meðan á vinnu nemenda stendur. Þar er m.a. þátttaka og áhugi nemenda skoðuð, vinnubrögð metinn og hæfni þeirra til samvinnu. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Landfræði

(Unnið samþætt með íslensku, náttúrfræði og samfélagsfræði)

Markmið

Að nemandi



- kynnist völdu svæði eða stað í nágrenninu með því að teikna einfalt kort með eigin táknum fyrir t.d. tré, leikvöll og byggingar
- læri að lesa staðsetningu af korti með grófum rúðum (t.d. með níu rúðu neti á blaðinu og finni t.d. að fjársjóð er að finna í reit 3A)
- læri að greina algeng fyrirbæri á loftmynd af nánasta umhverfi, s.s. vegi og byggingar
- mæli og beri saman vegalengd í beinni loftlínu milli heimilis og skóla og heimilis og leikvallar, t.d. með reglustiku eða bandspotta
- finni heimabæ/sveit sína á korti í stórum mælikvarða (t.d. 1:25 000 eða 1:50 000) og Ísland á heimskorti
- greini fyrirbæri á loftmynd í stórum mælikvarða og finni þau svo á korti í svipuðum mælikvarða
- átti sig á með hvaða litum land, sjór, vötn og jöklar eru táknaðir á hnattlíkani
- fái þjálfun í að lesa úr einföldum töflum, t.d. sjónvarpsdagskránni
- fjalli um landfræðileg hugtök, s.s. fjall, fjörður, dalur, strönd, hálendi og vatn, og hvernig þau eru táknuð á korti
- skrái skipulega upplýsingar um veðrið í stuttan tíma, noti hugtök sem lýsa veðrinu (t.d. heitt, kalt, rok, logn) og tiltaki tímabil (t.d. dagur, vika, mánuður)
- þekki helstu veðurtákn sem notuð eru við veðurlýsingar og geti notað þau við kynningu á niðurstöðum eigin mælinga á hita, vindi og úrkomu
- átti sig á í hvaða formi vatn finnst í náttúrunni, t.d. að vatn er vökvi í rigningu, þoku og skýjum, ám og vötnum en er ís í hagli, frosti og snjó
- lýsi landnotkun í heimabyggðinni, t.d. hvar eru íbúðarhús, verslanir, samgönguleiðir, landbúnaður og iðnaðarstarfsemi
- viti hvað í náttúrunni umhverfis hann er viðkvæmt og gæti þurft sérstakrar verndunar við
- kynnist hvernig flokkun sorps er liður í endurnýtingu hráefna og þar með náttúruvernd
- átti sig á að vatn á kemur af stóru svæði og þær renna allar að lokum til sjávar eða í stöðuvötn
- þjálfist í að lýsa algengum afleiðingum náttúruhamfara eins og jarðhræringa á daglegt líf fólks með hjálp t.d. bóka, ljósmynda, myndbanda og gagnasafna
- átti sig á því að fólk ferðast af ýmsum ástæðum og er mislengi í ferðum sínum t.d. á leið til skóla, í heimsóknir til ættingja eða sumarleyfi til fjarlægari staða
- kanni nokkra þætti samgangna, bæði einstök samgöngukerfi og tegundir samgöngutækja.

Námsgögn og leiðir

Námsbækur úr bókaflokknum *Komdu og skoðaðu...* Unnið verður í samræmi við markmið hér að ofan eins og t.d. með grunnhugtök í tengslum við kortanotkun, s.s. höfuðáttir og staðsetningar og fleira. Um kennsluáferðir gildir hið sama í samfélagsfræði.

Námsmat

Er byggt mikið til á símati kennarans meðan á vinnu nemenda stendur. Þar er m.a. þátttaka og áhugi nemenda skoðuð, vinnubrögð metinn og hæfni þeirra til samvinnu. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.



Náttúrufræði

Markmið

Að nemandi

Úr eðlisvísindum

- geri athuganir á því hvað gerist þegar ýmis efni eru leyst upp í vatni
- geri athuganir á því hvað gerist með hluti af mismunandi gerð og lögun, t.d. úr plasti, viði, járni, korki, leir eða steini, þegar þeir eru settir í vatn
- geri athuganir á því hvað gerist þegar hlut er ýtt eða hann dreginn með mismiklum krafti og á mismunandi yfirborði
- geri athuganir sem sýna hvernig mismunandi kraftur getur breytt lögun efna, s.s. svamps, leirs, pappírs, gorms eða teygju
- tengi saman einfaldar straumrásir
- geri athuganir sem sýna að sumir hlutir leiða rafmagn en aðrir ekki og átti sig á hver eru sameiginleg einkenni þeirra hluta sem leiða rafmagn
- skoði rafmagnstæki sem t.d. gefa hljóð, hita eða ljós og ræði um hvaða tilgangi þau þjóna í lífi okkar
- kanni orkuþörf ýmissa tækja, s.s. bíla, síma, útigrilla, úra, reiðhjóra
- *Úr jarðvísindum*
- þekki að það tekur langan tíma fyrir sólarljósið að berast til jarðarinnar og að sá tími er mældur í ljósárum
- búi í samvinnu til líkan af sólkerfinu
- þekki að tunglið orsakar sjávarföll
- skoði og fjalli um áhrif vatns á ýmis jarðefni, s.s. myndun polla og útlit fjallshlíða
- skoði og fjalli um áhrif vinda á ýmis jarðefni, s.s. uppblástur og sandöldur
- þekki mótunaráhrif hafsins á fjöruna, þ.e. hvernig fjörusteinar og berg mótast og mótunaráhrif ána, þ.e. hvernig ármöl mótast og beri hana saman við fjörumöl
- geti spáð fyrir um breytingar á umhverfi við mismunandi veðurskilyrði
- skilji algengustu veðurtákn sem notuð eru í veðurlýsingum
- ræði um hvaða hlutverki veðurspár gegna í íslensku samfélagi og hvaða tækni er beitt við veðurmælingar
- þekki að jörðin er byggð upp af kjarna, möttli, jarðskorpu, hafi og lofthjúp
- æfi viðbrögð við mögulegum náttúruhamförum í heimabyggð sinni, s.s. jarðskjálfta, flóði, snjóflóði, eldgosi
- þekki þekktar eldstöðvar í heimabyggð sinni og á Íslandi
- þekki að hraun rennur yfir eldri jarðlög, það yngsta er efst og elsta neðst
- *Úr lífvísindum*
- átti sig á hvað það er sem einkennir lifandi verur og greinir þær frá lífvana hlutum, s.s. hreyfing, næringarnám, vöxtur og æxlun
- átti sig á að allar lífverur þurfa vatn, loft, fæðu og búsvæði til að lifa
- þekki og geti nafngreint íslensk spendýr á landi, helstu fugla í heimabyggð og algeng smádýr
- geri athuganir á því hvernig eiginleikar ákveðinnar lífveru henta í því umhverfi sem hún býr í af eigin raun og með hjálp gagna, s.s. myndbanda, bóka og tölvuforrita
- ræði og athugi hvernig lífverur, t.d. snjótittlingar, lifa af veturinn á Íslandi



- kanni eigin lífsvenjur og meti hvort þörf sé úrbóta, s.s. á mataræði, svefni, hreinlæti og umgengni
- þekki hvernig dýr annast afkvæmi sín samanborið við manninn.

Námsgögn og leiðir

Námsbækur úr bókaflokknum *Komdu og skoðaðu...* Fjölbreytileg vinna verður höfð að leiðarljósi. Gerðar verða veðurathuganir yfir skamman tíma og einföld verkefni send heim í tengslum við markmið og vinnu í skóla. Kennsluaðferðir sjá samfélagsfræði.

Námsmat

Er byggt mikið til á símati kennarans meðan á vinnu nemenda stendur. Þar er m.a. þátttaka og áhugi nemenda skoðuð, vinnubrögð metinn og hæfni þeirra til samvinnu. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Kristin fræði

Markmið

Að nemandi

- kynnist frásögnum af ættfeðrunum Abraham, Ísak og Jakobi og frásögunni af Jósef
- auki við þekkingu sína á atburðum tengdum jólum, t.d. með sögunum af vitringunum frá Austurlöndum og flóttanum til Egyptalands
- kynnist kjörum landflótta barna og starfi þeim til hjálpar
- þekki valdar frásögur úr Nýja testamentinu, t.d. frásögunnar af köllun fyrstu lærisveinanna, mettu þúsundanna, lækningunni við Betesdalaug, dóttur Jaírusar, eyri ekkjunnar og týndu drökmunni
- þekki atburði pálmásunnudags, skírdags, föstudagsins langa og páskadags
- kynnist frásögum af atburðum sem áttu sér stað eftir upprisu Jesú, t.d. förinni til Emmaus og frásögunni af himnaför Jesú
- kynnist íslenskum sálmum, myndlist og tónlist sem tengist jólum og páskum
- viti hvað kristniboð er og kynnist starfi íslenskra kristniboða erlendis
- fái þjálfun í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum með því að fást við efni sem tengjast jafnrétti og jafnstöðu og kjarki til að fylgja sannfæringu sinni
- kynnist búddadómi eða hindúasið með frásögnum af jafnöldrum.

Námsgögn og leiðir

Trúarbrögðin okkar og Stjarnan og fleira sem til fellur. Nemendur hlusta á frásagnir kennara. Nemendur og kennari ræða saman út frá námsefni og atburðum líðandi stundar. Nemendur útbúa vinnubók, vinna ýmis verkefni og þemaverkefni ef námsefnið gefur tilefni til þess. Nemendur vinna einir eða í hópum.

Námsmat

Er byggt mikið til á símati kennarans meðan á vinnu nemenda stendur. Þar er m.a. þátttaka og áhugi nemenda skoðuð, vinnubrögð metinn og hæfni þeirra til samvinnu.



Einnig verður vinnubók nemenda skoðuð og metin. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Enska

Markmið

Að nemandi

- Kynnist ensku talmáli
- Læri að nota einfaldar samskiptareglu, þ.e. geti kynnt sig, heilsað/hvatt, boðið góðan daginn/góða nótt og þakkað fyrir sig
- Læri að telja upp að tuttugu
- Læri heiti grunnlita
- Læri orð sem notuð eru um fjölskyldutengsl
- Þekki orð yfir veður
- Læri vikudaga, mánuði og hátíðisdaga
- Þekki algengustu dýrheiti
- Þekki heiti ytri líkamshluta og líffæra
- Þekki orð sem notuð eru um tilfinningar
- Geti haft eftir söngva og rím

Námsgögn og leiðir

Rifjað verður upp með nemendum hvernig á að heilsa, kynna sig og kveðja. Einnig verður rifjað upp tölustafir, litir, fatnaður og fjölskyldumeðlimir auk mánuða, vikudaga og algengra orðasambönd. Nemendur læra um líkamshluta, dýr og gæludýr, ávexti, veður og hátíðisdaga.

Lögð er áhersla á fjölbreytta kennsluhætti. Börn leika sér með orð, tengja orð við myndir, útbúa einfaldar myndaorðabækur. Það á vel við að tengja enskunámið við það sem nemendur eru að fást við í öðrum þáttum námsins. M.a. verður unnið með námsefnið Right on!, barnabækur, geisladiska, margmiðlunarefni, myndbönd og verkefnablöð.

Námsmat

Áhugi, virkni, samvinna, vinna og vinnubrögð metin jafnóðum. Munnlegt námsmat tekið í lok ársins.



Lífsleikni

Markmið

Að nemandi

- sé fær um að túlka mismunandi tilfinningar
- virði leikreglur í hópleikjum
- geti bent á og nefnt ýmsa þætti í umhverfinu sem hafa áhrif á líðan hans
- geti velt fyrir sér jafnréttishugtakinu út frá ýmsum sjónarhornum, t.d. jafnrétti á milli manna og dýra, á milli forstjóra og starfsmanna, barna og fullorðinna
- þjálfist í að tjá tilfinningar sínar, hugsanir og væntingar á ýmsan hátt, t.d. með orðum eða látbragði
- geti sett sig í spor deiluaðila og leitað sáttaleiða
- geti túlkað hlutverk fjölskyldumeðlima í ólíkum fjölskyldugerðum
- geti lýst þörfum einstaklinga við ýmsar aðstæður og hvernig hægt er að koma til móts við þær, t.d. klæðnaður miðað við aðstæður, næring út frá orkuþörf
- sé fær um að setja sér markmið að eigin frumkvæði, t.d. hvenær hann ætlar að ljúka við heimanám eða taka til
- geti sett sig í spor ólíkra persóna til að finna samkennd með þeim, t.d. hippa, öldung, barni, nýbúa, ljósmóður, kennara, fatlaðs manns og bónda.

Námsgögn og leiðir

Unnið verður með uppbyggingarstefnuna (restitution) í lífsleikni í vetur. Megin áhersla verður lögð á hugtakið lífsgleði/gleði. Einnig verður unnið með þarfirnar, farið verður í mitt og þitt hlutverk, búinn til bekkjasáttmáli og talað um tilgang reglna. Draumabekkurinn, hvernig persóna vil ég vera ásamt framkoma við mig. Tungumál uppbyggingar er stór hluti í lífsleikni og samskiptum. Einnig verða haldnir formlegir bekkjarfundir þar sem fjallað er um samskipti og annað sem kemur upp á í daglegu skólastarfi.

Mikil áhersla lögð á að vinna að góðum félagatengslum og samstöðu á meðal nemenda.

Námsmat

Er byggt mikið til á munnlegu mati kennarans meðan á vinnu nemenda stendur. Þar er m.a. þátttaka nemenda skoðuð og hæfni þeirra til samvinnu.

Upplýsinga og tæknimennt

Markmið

Að nemandi

- læri grunnatriði um uppröðun skáldrita
- þekki nöfn og hlutverk einstakra hluta bókar, s.s. bókarkápu, kjalar, titilblaðs, efnisyfirlits og atriðisorðaskrár
- geti leitað eftir efnisyfirliti og atriðisorðaskrá í fræðibókum
- geti fundið lykilorð í texta og endursagt aðalatriði
- læri grunnatriði í einfaldri heimildavinnu



- þekki mismunandi tegundir bókmennta, s.s. ævintýri, þjóðsögur, ljóð, þulur, myndabækur, skáldsögur og teiknimyndasögur
- hafi kynnst völdum íslenskum barnabókahöfundum og verkum þeirra
- hafi reglulega fengið lánaðar bækur og önnur gögn á skólasafninu og kunni á útlánakerfi safnsins.

Námsgögn og leiðir

Notuð verða verkefni úr bókinni í leik á skólasafni og safnkosturinn nýttur eftir þörfum til skýringa, lestrar og verkefnavinnu, orðabækur, fræðibækur, skáldverk o.fl. Tölvukostur safnsins er einnig nýttur í tengslum við verkefni. Hálfur bekkur kemur í senn á safnið í eina önn og er unnið ýmist í einstaklings- eða hópavinnu.

Námsmat

Kennari metur verkefni og vinnu nemenda í tímum og sendir umsögn til umsjónarkennara í lok annar.

Tæknilæsi

Að nemandi

- geri greinarmun á kennsluforritum og leikjum
- geti framkvæmt einfalda leit í útlánskerfi skólasafns
- geti framkvæmt einfalda leit í tölvuorðabókum
- geti sótt efni á vef skólans og Neti
- kunni að nota ákveðna sérlykla á lykllaborði sem notaðir eru í staðinn fyrir mús, s.s. færsluhnaup, örvalykla og lykla til að opna og loka forritum

Námsgögn og leiðir

Kennsluforrit skoðuð. Nemendum kennt að umgangast tölvur. Nemendur þjálfast í að sækja efni og leita að efni á veraldarvefnum. Kennslan byggist á innlögnum og handleiðslu kennara skref fyrir skref auk sjálfstæðrar vinnu nemenda.

Hönnun og smíði

Markmið

Sjá aðalnámskrá grunnskóla 2007, Hönnun og smíði. Þrepamarkmið 3. þrep.

Námsgögn og leiðir

Megin áhersla á meðhöndlun áhaldna og efnis. Notkun helstu verkfæra æfð, Hugtakið vélræn virkni rædd. Frágangur í stofu.

Námsmat:

Símat kennara. Hönnun 25%, tækni 25%, verklag 25%, ástundun 25%.



Heimilisfræði

Verkleg heimilisfræði er ekki kennd í vetur. Reynt verður eftir megni að fjalla um hana bóklega og/eða í samþættingu við aðrar námsgreinar.

Markmið

Að nemandi

- læri að morgunverður er undirstaða vellíðunar og heilbrigðis
- öðlist þekkingu á því hvers vegna sumar fæðutegundir eru hollar og aðrar óhollar
- geti gert greinarmun á hollum og óhollum drykkjarvörum
- þekki algeng eldhúshöld og viti til hvers þau eru notuð
- geti mælt í heilum og hálfum dl og notað allar mæliskeiðarnar
- þekki fæðuflokkana og vinni sérstaklega með mjólkurflokk
- þekki algengar mjólkurvörur og kynnist ferlinu frá kú til neytanda
- þekki mjólkurumbúðir og geti lesið úr upplýsingum á umbúðum
- viti hvaðan matvælin koma sem unnið er með og geti þekkt þau, bragðað og snert
- þekki orð og hugtök tengd matargerð fyrri tíma
- læri um mikilvægi hreinlætis við matreiðslustörf
- þekki hugtakið umhverfisvernd og geti nefnt nokkur dæmi um hvernig vernda má umhverfið
- viti að hægt er að spara pappír, umbúðir, orku o.fl. og geri sér grein fyrir fjárhagslegri og umhverfislegri hagkvæmni þess
- viti hvernig flokka má úrgang frá heimilum
- geri verðsamanburð á mjólkurdrykkjum, jógúrt og ávaxtasafa
- kynnist því að á mjólkurumbúðum eru ýmsar upplýsingar
- kynnist því hvaða störfum þarf að sinna á heimilum og hver ber ábyrgð á þeim
- temji sér að sýna kurteisi
- temji sér að taka tillit til og virða skoðanir annarra.

Námsgögn og leiðir

Eitthvað stuðst við *Hollt og gott fyrir 3. bekk* og verkefni frá kennara.

Námsmat

Er byggt mikið til á símati kennarans meðan á vinnu nemenda stendur. Þar er m.a. þátttaka og áhugi nemenda skoðuð, vinnubrögð metinn og hæfni þeirra til samvinnu. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.



Tónmennt

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í að koma fram og flytja eigin verk og annarra, bæði söngverk og hljóðfæratónlist
- hafi vald á mismunandi spilamáta algengustu skólahljóðfæra og annarra hljóðgjafa
- geti sungið fjölbreytt lög, m.a. einföld keðjusöngslög sem gera vaxandi kröfur til söngs, tækni og túlkunar
- flytji tónlist, lög og stef eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- spinni og semji einfalt tónverk sem sýnir greinilegt form og vaxandi skilning á efnispáttum tónlistarinnar
- geymi tónsmíðar sínar á hljóðritum og/eða með grafískum nótnatáknum
- hlusti á tónlist frá ólíkum menningarsamfélögum og greini eiginleika og einkenni þeirra
- geti greint á milli algengustu hljóðfærategunda, s.s. blásturs- og strengjahljóðfæra, eftir heyrn og sjón og þekki sum þeirra með nafni
- sýni viðbrögð við og greini á milli notkunar efnispátta í fjölbreyttri tónlist með mismunandi tjáningarformum, s.s. hreyfingu, teikningu og töluðu máli.

Námsgögn og leiðir

Undirstöðuatriði tónlistar þjálfuð með söng, leik og virkri hlustun. Nemendur læra íslensk og erlend lög, leika á einföld skólahljóðfæri og hreyfa sig með tónlist. Notast er við námsefnið Það var lagið! og Það er gaman að hlusta á kvikmyndatónlist. Sungið er upp úr söngheftinu Syngjandi skóli og Nýjir skólasöngvar. Notast er við ýmiskonar hlustunarefni sem kennari velur hverju sinni.

Námsmat

Áhugi, þátttaka og hegðun metin.

Myndmennt

Markmið

Að nemandi

- noti fjölbreytileg efni, verkfæri og aðferðir við eigin myndsköpun
- vinni myndverk á mismunandi tegundir pappírs, s.s. þrykk og klippimyndir auk teikunar og málunar
- blandi liti úr frumlitunum með áherslu á litatóna
- geri sér grein fyrir að litir hafa mismunandi áhrif, eru t.d. heitir og kaldir
- þekki grunnformin og verkun þeirra í umhverfinu með skoðun á þeim og úrvinnslu í myndgerð
- þekki einfalda myndbyggingu og mun á forgrunni, bakgrunni og miðrými ásamt kyrrð og hreyfingu í byggingu mynda



- geti gengið frá verkefnum, efnunum og áhöldum
- geri sér grein fyrir verðmæti þeirra efna og áhalda sem unnið er með hverju sinni
- viti að listamenn túlka raunveruleika og ímyndanir á ólíkan hátt í verkum sínum í nútíð og fortíð.
- viti að ýmsir þættir í menningu þjóða, t.d. þjóðsögur, ævintýri og goðsagnir, hafa áhrif á myndrænar frásagnir
- skoði mismunandi mynddæmi sem sýna ólíkar útfærslur á sama viðfangsefninu, t.d. á hugtakinu fjall eða landslag í nútíð og fortíð; áhersla skal lögð á það að myndlistarmenn nota mismunandi nálgun við sama viðfangsefni
- viti að það er ekki til einn raunveruleiki eða sannleikur í sköpun listamanna
- geti lýst munnlega áhrifum verks, t.d. hvort um er að ræða kvöld, nótt, dag o.s.frv. eða tilfinningalega þætti, s.s. gleði og sorg
- geti lýst munnlega skoðun á mynd á eigin forsendum.

Námsgögn og leiðir

Nemendur fá tækifæri til að vinna með mismunandi efni og liti, frjálst eða eftir fyrir mælum. Til hvatningar og örvunar eru bækur m.a. skoðaðar, myndbönd sýnd, eða kvæði og sögur lesnar áður en hafist er handa. Ímyndunarafli nemenda ræður ríkjum en kennari er til aðstoðar eftir þörfum. . Samþætting við samfélagsfræði, móðurmál og handmennt.

Námsmat

Er byggt mikið til á mati kennarans á meðan að á vinnu nemenda stendur. Frágangur og vinnusemi nemenda skoðaður og metinn. Sjá að auki almennan kafla um námsmat.

Íþróttir

Markmið

Að nemandi

- þjálfist í æfingum með stór og smá áhöld þar sem mismunandi hreyfingar eru tengdar saman, s.s. jafnvægisgöngu á bita, snúningum og jafnvægisstöðu, að hoppa af bretti upp á kubb og niður á dýnu, hliðarstökki yfir kistu eða bekk, að sippa á mismunandi hátt
- þjálfist áfram í að tengja ýmsar grunnhreyfingar saman, s.s. að sveifla sér í hringjum eða köðlum, velta sér kollhnís áfram, hoppa upp og velta sér aftur á bak hoppa á fjölbreyttan hátt yfir hindranir, rekja bolta á hlaupum og kasta
- þjálfist í æfingum með ýmsis áhöld, s.s. hjólabretti, mismunandi stærðir bolta
- teppabúta
- taki þátt í ýmsum leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. fjölbreyttum boltaleikjum, samvinnu- og hittnileikjum, t.d. að skjóta keilur ofan af bekk, feluleikjum og ratleikjum utanhúss
- þjálfist í einföldum leikjum og leikrænum æfingum íþróttagreina
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamsþol, s.s. eltingaleikjum innan- sem utanhúss, ratleikjum, boltaleikjum sem tengja má við leikæfingar íþróttagreina
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, staðarleitarleikjum, feluleikjum, boltaleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, s.s. reiptogi, hanaslag, glímuleikjum



- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla líkamspól, s.s. boðhlaupi, stöðugu hlaupi á rólegum hraða í um 6-8 mínútur
- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla kraft, s.s. styrkjandi og mótandi æfingum, uppstökki án atrennu, armtogi á bita eða slá
- þjálfist í leikrænum æfingum sem efla hraða, s.s. að bregðast hratt við merki kennara, að hlaupa 30 m sprett
- taki þátt í ratleikjum og gönguferðum sem tengjast öðrum námsgreinum
- Skautakennsla, 4 tímar á haustönn
- nái tókum á venjulegri dansstöðu
- taki þátt í dans- og söngvaleikjum
- taki þátt í leikjum eða æfingum sem leysa úr læðingi mismunandi tilfinningar, s.s. gleði, eftirvæntingu, ótta
- læri að fylgja reglum leikja
- læri að taka sigri og ósigri
- kynnist viðbrögðum líkamans við áreitum eins og snertingu og hnjaski
- taki þátt í umræðu um ýmis samskiptaform, s.s. jákvæð samskiptaform eins og hvatningu og hrós, neikvæð samskiptaform eins og stríðni og einelti
- tileinki sér markvissa öndun við slökun
- taki þátt í æfingum og leikjum sem veita áreiti eins og snertingu og hnjask
- taki þátt í umræðu um markmið æfinga og leikja sem teknir eru fyrir í kennslunni
- læri að taka fram og ganga frá áhöldum á réttan og öruggan hátt
- þjálfist í leikrænum æfingum þar sem notuð eru helstu líkamsheiti, s.s. höfuð, bolur brjóst
- þjálfist í æfingum og leikjum þar sem reynir á skilning á andstæðum hugtökum eins og
- hratt — hægt, sterkur — veikur, stór — lítill, hátt — lágt
- taki þátt í umræðu um hlutverk, beinagrindar, vöðva, húðar hjarta, lungna
- læri að bregðast fljótt við fyrirmælum og tileinki sér réttar reglur í leikjum
- fræðist um viðbrögð við minniháttar meiðslum
- fræðist um mikilvægi þess að beita líkamanum rétt og stunda hléæfingar við tölvunotkun
- fá útrás fyrir hreyfiþörf sína, leggi grunn að bættu líkamspóli, auknum krafti, betri líkamsreisu og liðleika
- auki færni sína í samskiptum og samvinnu við aðra
- öðlist aukið sjálfstraust við flóknari æfingar,
- upplifi jákvætt viðhorf til hreyfingar og hreysti og kunni að umgangast ýmis áhöld á öruggan hátt.

Leiðir

Íþróttafatnaður, þ.e. stuttbuxur og stuttermabolur (ekki skór). Markmiðum náð gegnum mismunandi leiki og leikrænar æfingar með eða án bolta. Nemendur fá að kynnast hinum ýmsu áhöldum, þá aðallega í formi stöðvahringja, þar sem þeir efla um leið hreyfiproska sinn og áræðni.

Útiþróttir

Leitast er við að allar bekkjardeildir sækji íþróttatíma úti, á skólalóð, 3 vikur í september og 3 vikur í maí. Megintilgangur þessara tíma er að leggja áherslu á mikilvægi útiveru. Tímarnir byggjast á ýmsum leikjum, útihlaupum og almennri útiveru. Nemendum er bent á



viðeigandi klæðnað til íþróttaiðkunar, þ.e. síðar íþróttabuxur, peysa og góðir skór til að hlaupa í.

Námsmat

Að miklu leyti huglægt mat sem byggist á virkni, áhuga, hegðun og framförum nemenda. Kannanir lagðar fyrir og hafðar til hliðsjónar við lokamat. Á haustönn eru gerðar athugasemdir en í lok vorannar er formlegt námsmat.

Sund

Markmið

Að nemandi

- taki þátt í æfingum, með og án áhalda, sem tengja saman mismunandi sundhreyfingar
- taki þátt í ólíkum sundleikjum sem krefjast hlustunar, takts (rytma), samhæfingar og samvinnu
- nái tökum á fjölbreyttum æfingum sem reyna á samspil skynfæra og samhæfingu hreyfinga, s.s. 12 m bringusundi, 12 m skólabaksundi, með eða án hjálpartækja, 8 m skriðsundsfótatökum, andlit í kafi og armar teygðir fram, 6 m baksundi, með eða án hjálpartækja og köfun eftir hlut á 1 til 1,5 m dýpi
- taki þátt í umræðu um björgunarþætti
- læri að bregðast rétt við ef óhapp ber að höndum
- læri að kasta bjarghring eða bjargsnúru til félaga og draga hann að landi
- taki þátt í ýmsum hópleikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, boðsundsleikjum, boltaleikjum og kafsundsleikjum
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, kappleikjum og boltaleikjum
- þjálfist í æfingum í leik sem efla þrek og aðlögun að vatni, s.s. höfrungahoppi í gegnum gjörð, að tveir félagar liggja á dýnu og reyna að synda hvor í sína áttina og að kafa með flá niður á botn
- læri nýja leiki sem nota má á sundstað
- þjálfist í sundleikfimi með eða án áhalda
- þjálfist í skapandi æfingum í vatni
- tileinki sér helstu samskiptareglur eins og að hlusta, fara eftir fyrirmælum frá sundkennara eða frá starfsmönnum sundstaðar
- þjálfist með sér og öðlist jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni
- taki þátt í samvinnuverkefnum í leik, s.s. dýnuboðsundi milli hópa og sundknattleik
- þjálfist í æfingum og leikjum sem veita áreiti eins og snertingu og hnjask
- taki þátt í umræðu um markmið æfinga og leikja sundkennslunnar
- læri að taka fram og ganga frá sundáhöldum á réttan og öruggan hátt
- taki þátt í fjölbreyttum æfingum og leikjum sem ná til andstæðna eins og hratt — hægt, sterkur — veikur og stór — lítill
- fái tækifæri til að þróa ný afbrigði af þekktum leikjum úr íþróttasal yfir á sundstað
- taki þátt í umræðu um öryggismál og hættunarbreytingar sem fylgja sundlaugum og vatni



- fái þjálfun í að fylgja öryggisreglum sundstaðar
- taki eitt sundstig árlega, efli þrek, félagslegan- og líkamlegan þroska og sjálfstraust og þekki og virði umgengnisreglur á sundstað.

Námsgögn og leiðir

Sundbolur og sundskýla, ekki bíkíni eða síðar buxur þar sem slíkur fatnaður hamlar sundfærni. Verkefni tilheyrandi hverju sundstigi. Aðlögun, leikir, köfun og flot.

Námsmat

Sundstigsspróf. Umsögn gefin um mætingu, ástundun, áhuga, umgengni og hegðun. Formlegt námsmat að vori.

3. sundstig (*samræmd markmið í 3. bekk*):

12 metrar bringusund

12 metrar skólabaksund með eða án hjálpartækja

6 metrar skriðsundsfótatök með andlit í kafi og arma teygða fram

6 metrar baksundsfótatök með eða án hjálpartækja

Kafað eftir hlut á 1 - 1.5 metra dýpi.